



Jón Þorgeir Hallgrímsson, Gunnlaugur Snædal

KEISARASKURÐIR Á ÍSLANDI 1930-1939

Sögulegt yfirlit III. grein

INNGANGUR

Í fyrri tveimur greinum var gerð grein fyrir þeim keisaraskurðum sem gerðir voru á Íslandi frá árinu 1865 til og með 1929 (1, 2). Í töflu I eru allar aðgerðirnar teknar saman, þannig að í ljós kemur hvar aðgerð fór fram, hver lækurinn var, ábending og loks upplýsingar um afdrif móður og barns.

Við nánari skoðun á töflu I sést, að ábendingar fyrir keisaraskurðum á þessu tímabili eru aðeins fjórar og af þeim eru grindarþrengsl algengust. Eftir 1920 koma fram aðrar ábendingar, svo sem fóstureitrun (preeclampsia) árið 1922 og fyrirsæt fylgja (placenta previa) árið 1925. Þetta eru því fyrstu keisaraskurðir á Íslandi sem gerðir voru vegna þessara ábendinga.

Sé litið til árána 1920-1929 kemur í ljós, að gerðar eru sjö aðgerðir vegna grindarþrengsla (pelvis contracta) en tvær vegna fæðingakrampa (eclampsia), þrjár vegna fyrirsættrar fylgju og ein vegna hriðatruflana (dysdynamia - dystocia).

Af þeim 17 keisaraskurðum sem gerðir voru á Íslandi frá 1865 til og með 1929 virðist að í níu tilfellum hafi móðir og barn lifað af aðgerðir (53%). Í sex tilfellum af þessum 17 er þess getið að móðirin hafi látist (35%) en hins vegar eru mjög ófullnægjandi upplýsingar fyrirbyggjandi varðandi börnin.

Vitað er að stúlkubarnið sem fæddist fyrst allra með keisaraskurði á Íslandi árið 1865 dó rúmlega misseris gamalt. Í aðeins einu tilfelli öðru er talað um að barn hafi látist en það var í sambandi við keisaraskurðinn sem Páll Kolka gerði í Vestmannaeyjum árið 1925, enda var þar um mikinn fyrirburð að ræða. Í sex tilfellum eru engar upplýsingar um það hvort barnið lifði af aðgerðina og þá fyrstu vikuna á eftir.

Landspítalinn

Í skýrslum Landspítalans (3) er þess getið að hann

hafi tekið til starfa 20. desember 1930 en þá komu fyrstu sjúklingarnir á spítalann. Síðan segir:

»Starfsfólk spítalans var að vísu komið þangað áður en þá fyrst hófst hið reglulega spítalastarf er sjúklingarnir komu. Starfsmannalið spítalans var ekki fullskipað strax og spítalinn tók til starfa, og þótti sumum það jafnvel úr hófi margt, trúðu því ekki að svona mörg ný sjúkrarúm myndu fyllast í bráðina. En svo fór, að brátt varð að fjölga starfsfólki, vegna þess að fleiri og fleiri sjúklingar leituðu til spítalans, enda hafði lengi verið tilfinnanlegur skortur á sjúkrarúmum í Reykjavík. Um miðjan aprilmánuð voru sjúklingarnir orðnir 92, öll hin áætluðu sjúkrarúm fullsetin og í lok aprilmánuðar voru sjúklingarnir orðnir 100, þá farið að bæta við rúmum og þrengja á stofunum. Síðan hefur sjúklingatalan enn aukist og eins eftirspurn eftir sjúkrarúmum, svo oft hafa sjúklingar orðið að bíða eftir spítalavist. Þetta mun þó ekki stafa af því að sjúklingum sé að fjölga í landinu, heldur af hinu að fólki lærist betur og betur að á spítölum fær það betri bataskilyrði en í heimahúsum, ekki síst þar sem húsnæði er lélegt og hjálp ónóg.«

Opnun fæðingadeildar á Landspítalanum árið 1930 olli vissum straumhvörfum, þar sem hún var fyrsta deild sinnar tegundar á Íslandi. Hún virðist hins vegar ekki valda neinum straumhvörfum hvað varðar tíðni keisaraskurða.

Vissulega fjölgaði aðgerðum á landinu öllu eftir 1930, því auk Reykjavíkur og Akureyrar voru á þessum áratug gerðir keisaraskurðir á Ísafirði, Þingeyri, Blönduósi, Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Á sama tíma fer tíðni þeirra aldrei yfir 2% af fæðingum á hinni nýju deild og virðist lítil breyting verða á þessu fyrr en á miðjum sjötta tug aldarinnar. Líkleg skýring á þessu er hinn mikli barna- og mæðradauði, sem var fylgífiskur aðgerðanna lengi fram eftir.

Ekki var deildin stór í byrjun, aðeins tvær

Tafla I. Keisaraskurðir á Íslandi 1865 til 1930.

1.	1865	Heimahús	J. Hjaltalín o.fl.	Þröng grind	Móðirin dó – barnið lifði 6 mán.
2.	1910	Landakot	Matth. Einarsson	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
3.	1911	Heimahús	St. Matthíason	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
4.	1920	Landakot	M. Einarsson	Þröng grind	Móðir lést eftir 6 daga upplýsingar ekki um barn
5.	1921	Akureyri	St. Matthíasson	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
6.	1922	Landakot	Guðm. Magnússon	Fæðingakrampi	Móðir og barn lifðu
7.	1923	Landakot	Matth. Einarsson	Fæðingakrampi	Móðir lést – ekki vitað um barn
8.	1923	Landakot	Guðm. Thoroddsen	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
9.	1924	Landakot	Guðm. Thoroddsen	Þröng grind	Móðir lést á 6. degi
10.	1924	Hvammstangi	Jónas Sveinsson	?	Móðir og barn lifðu
11.	1925	Landakot	Guðm. Thoroddsen	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
12.	1925	Heimahús	Páll Kolka	Fyrirsæt fylgja	Móðir lifði – barn lést
13.	1926	Landakot	Matth. Einarsson	Þröng grind	Móðir lést á 5. degi
14.	1927	Landakot	Guðm. Thoroddsen	Hríðatruflun	Móðir lifði – ekki uppl. um barn
15.	1927	Landakot	Guðm. Thoroddsen	Fyrirsæt fylgja	Móðir lést – ekki uppl. um barn
16.	1927	Akureyri	St. Matthíasson	Þröng grind	Móðir og barn lifðu
17.	1929	Ísafjörður	Vilm. Jónsson	Fyrirsæt fylgja	Móðir og barn lifðu

Tafla II. Landspítalinn árin 1930 til 1939.

Ár	Fjöldi fæðinga	Fjöldi keisara	Börn dái	Konur dánar
1931	244	3	2	1
1932	326	4	1	1
1933	250	3	0	0
1934	259	5	2	1
1935	265	1	0	0
1936	362	0	0	0
1937	368	1	0	0
1938	453	2	0	0
1939	440	6	2	2
Alls	2.967	25	7	5

fæðingastofur og fjórar stofur með 10 rúmum fyrir sængurkonur. Deildin var rekin í nánum tengslum við handlækniseild og þjónað af læknum hennar. Meðgöngudeild var engin og til hennar ekki stofnað fyrr en 1975.

Eins og áður sagði voru gefnar út ársskýrslur um starfsemi Landspítalans og þar með fæðingadeildar og ritaði prófessor Thoroddsen þær frá upphafi til og með ársins 1943. Við höfum hins vegar ekki fundið skýrslur um deildina eftir það, þar til hún flyst í nýju bygginguna í ársbyrjun 1949.

Í skýrslu prófessors Thoroddsens um fæðingadeildina árið 1931 segir svo:

»Fyrsta konan lagðist á deildina 2. jan. 1931 og 5. jan. fæddist þar fyrsta barnið, lifandi stúlka« ... »Árið 1931 komu 254 konur á deildina en 12 þeirra fóru án þess að fæða. Tvær konur komu vegna fósturláta. Tvíburar

fæddust fjórum sinnum. Fæðingar voru alls 244. Um áramót voru eftir sex konur, þrjár dóu á árinu.«

Alls voru gerðir þrjú keisaraskurðir á þessu ári, sem ekki telst mikið, sé það haft í huga að árið áður voru gerðir á landinu öllu sjö keisaraskurðir, svo sem síðar verður vikið að.

Athyglisvert er að aðgerðirnar eru gerðar vegna mjög strangra ábendinga eins og verið hafði um alla keisaraskurði á landinu fram til þess tíma (sjá töflu I). Ekki er að sjá að mikil breyting verði frá 1930 til 1939 þrátt fyrir tilkomu fæðingadeildar.

Nokkuð stingur í augu hinn háí meðalaldur þeirra kvenna sem gengust undir keisaraskurð á Landspítalanum þennan áratug, en hann var 35,3 ár árið 1931 og 36,5 ár árið 1932. Hann virðist lækka eftir því sem líður á áratuginn, var t.d. 33 ár árið 1939 og nú ber svo við að það ár eru 5 konur skornar vegna fyrirsættrar fylgju og var meðalaldur þeirra 33,8 ár.

Ef litið er til töflu II, kemur í ljós að fæðingar eru 326 árið 1932 en fækkar síðan og eru aðeins 250 árið 1933. Þegar leitað var skýringa á þessari fækkun milli ára fannst hún í grein sem prófessor Thoroddsen reit í Læknablaðið árið 1936. Þar segir svo:

»Ein af ástæðum til þess að aðsóknin (að fæðingadeildinni) varð strax svona mikil var sú, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur greiddi fyrstu 2 árin sængurlegu þeirra kvenna, sem verið höfðu í samlaginu meira en 9 mánuði fyrir fæðinguna. Árið 1932 þótti samlaginu

kostnaður þessi keyra fram úr hófi og í nóvember það ár hætti það að greiða fyrir sængurkonur nema um veikindi væri að ræða í sambandi við fæðinguna« (4).

Af þessu má ráða að fjárhagur fólks hafi nokkru ráðið um það, hvort konur gátu nýtt sér hina nýju fæðingadeild eða ekki.

Þegar farið var yfir sjúkraskýrslur fæðingadeildar var ekki alltaf auðvelt að fá æskilegar upplýsingar. Þannig vantar í allmörgum tilfellum lýsingu á aðgerð, dagsetningar vantar og stundum sjúkraskrárritun með öllu.

Glögg kemur fram í töflu III að ekki er um að ræða umtalsverða aukningu á fjölda keisaraskurða á þessum áratug þar sem hann er 1,2% af fjölda fæðinga árið 1931 og 1,3% 1939. Nánari athugun sýnir að tíðni keisara á þessum áratug er aðeins um 0,8% og fór hæst í 1,9% árið 1934, en það sama ár kemur sitjandi staða fyrst fram sem ábending fyrir keisaraskurði á Íslandi og er raunar hin eina á þessum áratug. Sé litið til dagsins í dag hefur hér orðið mikil breyting á, þar sem yfir helmingur fæðinga í sitjandi stöðu eru með keisaraskurði, en almennt er tíðni sitjandi stöðu talin vera um 3-4%.

Árið 1936 sker sig nokkuð úr. Þá fjölga fæðingum verulega frá því sem verið hafði en það ár er hins vegar enginn keisaraskurður gerður. Fæðingar voru þá 362 og fæddust á deildinni jafnmörg börn, 190 drengir og 172 stúlkur. Þrettán börn fæddust andvana eða dóu skömmu eftir fæðingu það ár (3,6%). Við skoðun á dánarorsökum þeirra virðist sem nokkrum hefði mátt bjarga með tímabærum keisaraskurði. Tíðni aðgerða á Kvennadeild Landspítalans árið 1986, þ.e. 50 árum síðar, var 14,5%. Með sömu tíðni árið 1936 hefði mátt búast við hálfu hundraði aðgerða.

Fæðingar á deildinni komast í fyrsta sinn yfir 400 árið 1938 og eru 440 árið 1939, þar af 6 með keisaraskurði, en eins og áður sagði voru fimm vegna fyrirsættrar fylgju og í einu tilfelli vegna fæðingareitrunar.

Hlutfallsleg tíðni keisaraskurða á fæðingadeild Landspítalans kemur fram í töflu III og dánartíðni mæðra og barna þeirra árin 1931-1939 má sjá á töflu IV og V.

Af 2967 konum sem fæddu á hinn nýju fæðingadeild Landspítalans fyrsta áratuginn sem hann starfaði gengust aðeins 25 undir

Tafla III. Fjöldi keisaraskurða árin 1931 til 1939 á Landspítalanum.

1931	1932	1933	1934	1935	1936	1937	1938	1939
3	4	3	5	1	0	1	2	6
(1.2%)	(1.2%)	(1.2%)	(1.9%)	(0.4%)	(0%)	(0.2%)	(0.4%)	(1.3%)

Tafla IV. Dánartala mæðra sem fóru í keisaraskurð á Landspítalanum árin 1931 til 1939.

1931	1932	1933	1934	1935	1936	1937	1938	1939
1	1	0	1	0	0	0	0	2
(33%)	(25%)	(0%)	(20%)					(33%)

Tafla V. Dánartala barna sem tekin voru með keisaraskurði á Landspítalanum árin 1931 til 1939.

1931	1932	1933	1934	1935	1936	1937	1938	1939
2	1	0	2	0	0	0	0	2
(66%)	(25%)	(0%)	(40%)	(0%)	(0%)	(0%)	(0%)	(33%)

keisaraskurð eða 0,8%. Sjö börn eða 28% létust og sama má segja um fimm mæður eða alls 20%.

Keisaraskurðir utan Landspítalans

Í fyrstu greininni um keisaraskurði á Íslandi gerðum við því skóna að aðgerðirnar hafi verið 16 alls frá 1865 til 1929. Jafnframt lýstum við eftir upplýsingum frá kollegum, sem e.t.v. kynnu skil á frekari aðgerðum á fyrri tímum.

Þetta leiddi til þess að Haukur Jónasson læknir upplýsti að faðir hans, Jónas Sveinsson læknir, hafi gert keisaraskurð á Hvammstanga árið 1924 (5).

Jónas segir frá því í bók sinni »Lífið er dásamlegt«, þegar hann sem ungur læknastúdent var á leið norður yfir Holtavörðuheidi árið 1920, að hann var kallaður til konu, sem þá var í mikilli barnsnauð vegna vanrækrar þverlegu, og á hvern hátt hann gat aðstoðað hana, en jafnframt segir Jónas: »Nokkrum árum síðar, þegar ég var héraðslæknir á Hvammstanga, gerði ég á henni keisaraskurð og náði frá henni frískum strák, sem hún lét heita í höfuðið á mér. Það mun hafa verið fyrsti keisaraskurður, sem gerður var á svæðinu frá Skaga vestur á Hornstrandir« (6). Ekki hafa fundist upplýsingar um þessa aðgerð í opinberum gögnum og hennar þannig ekki getið í Heilbrigðisskýrslum.

Í Heilbrigðisskýrslum fyrir árin 1921 til 1925 (7), sem Guðmundur Hannesson tók saman er getið um 5 keisaraskurði á þessu tímabili, en við nánari

Tafla VI. Keisaraskurðir á Íslandi árið 1930.

Staður	Ábending	Aldur	Lifði móðir	Lifði barn	Læknir
Reykjavík	Febrilia sub partu	47 ár	já	?	G. Thoroddson
Reykjavík	Pre-eclampsia	21 ár	já	?	M. Einarsson
Akureyri	Pre-eclampsia	35 ár	já	já	Str. Matthíasson
Akureyri	Placenta previa	39 ár	já	já	Str. Matthíasson
Akureyri	Pelvis spondyloisthesica	34 ár	já	já	Str. Matthíasson
Ísafjörður	Placenta previa	39 ár	já	nei	Vilm. Jónsson
Ísafjörður	Placenta previa	37 ár	já	já	Vilm. Jónsson

Tafla VII. Keisaraskurðir utan Landspítalans árin 1930 til 1939.

Ár	Reykjavík	Akureyri	Ísafjörður	Vestmannaeyjar	Blönduós	Síglufjörður	Þingeyri	Alls
1930	2	3	2					7
1931-35	5	4	1	2	1	2	1	16
1936-40	1	3	7	2	1	2		16
Samtals	8	10	10	4	2	4	1	32

leit hafa komið fram 8 aðgerðir – samanber töflu I.

Gerðir voru 7 keisaraskurðir árið 1930, sem er talsverð aukning frá því sem verið hafði. Allan þennan áratug virðast ekki hafa verið gerðir fleiri keisaraskurðir en 7 á ári en þó jafn margir árin 1933 og 1939.

Í töflu VI kemur fram að árið 1930 voru gerðir tveir keisaraskurðir í Reykjavík, þrír á Akureyri og tveir á Ísafirði. Engar nýjar ábendingar koma þar fram og svo er að sjá að allar mæður lifi af aðgerðina. Hins vegar vantar upplýsingar um afkomu tveggja barna en eitt lést.

Keisaraskurðina á Ísafirði gerði Vilmundur Jónsson, sem skömmu seinna varð landlæknir, en keisaraskurðina þrjá á Akureyri gerði Steingrímur Matthíasson. Við höfum áður vikið að greinaröð Steingríms, sem hann skrifaði í Læknablaðið á árunum 1918 til 1922 »Memoranda et memorabilia úr fæðingarpraxis«. Það er líklega ekki seinna vænna að viðurkenna Steingrím sem brautryðjanda í fæðingarfræði á Íslandi eftir þau afrek sem hann vann og hefur raunar lýst í fyrrnefndum greinaflokk. Frekari rannsókir á störfum og skrifum Steingríms hljóta að vera verðugt rannsóknarverkefni.

Ef við lítum aftur til ársins 1930 og aldursskiptingar kvennanna kemur í ljós að meðalaldur þeirra sem fara í keisaraskurð er 36 ár. Þetta sama ár deyja 9 konur vegna barnsfara

og barnsfararsóttar á Íslandi og eru alvarlegustu fæðingaerfiðleikar taldir vera föst fylgja, grindarþrengsl, fyrirsæt fylgja og fæðingarkrampi.

Í Heilbrigðisskýrslum 1931 er þess getið að 120 læknar séu á landinu og þar af 43 í Reykjavík. Starfandi hjúkrunarkonur voru aðeins 63 (3).

Báðir keisaraskurðirnir í Reykjavík 1930 voru gerðir á Landakoti sem og tvær aðgerðir árið 1935, en eftir það urðu þær ekki fleiri utan ein, sem Kjartan Magnússon gerði 1972 (8). Þannig spannar aðild Landakots 62 ár í sögu keisaraskurða á Íslandi.

Tafla VII sýnir keisaraskurði utan Landspítalans á árunum 1930-1940. Kemur nú í ljós keisaraskurður á Þingeyri 1932 í fyrsta og e.t.v. seinasta skipti, en hér var um að ræða konu sem reynt hafði verið að hjálpa með tangartaki ítrekað en án nokkurs árangurs og munu hvorki móðir né barn hafa lifað af þá aðgerð.

Nokkuð stingur í augu að á árunum 1936-1940 voru gerðir á fæðingadeild Landspítalans 11 keisaraskurðir en hvorki meira né minna en 7 á Ísafirði. Þá er þess getið að gerðir hafi verið þrjár keisaraskurðir á Landakoti á árunum 1931-1935 en við athugun á sjúkraskrárum þar hafa ekki fundist nema tvær aðgerðir.

Af þessu má sjá að nokkur aukning varð á fjölda keisaraskurða á þessum áratug, en ábendingar nánast óbreyttar frá því sem verið hafði.

Í næstu grein er ráðgert að skýra frá aðgerðum á Landspítalanum og reyndar landinu öllu til þess tíma er fæðingadeild Landspítalans flutti í eigið húsnæði árið 1949.

Þakkir: Sérstakar þakkir til Bergljótar H. Guðmundsdóttur og Helgu Tryggvadóttur fyrir gagnasöfnun og úrvinnslu.

HEIMILDIR

1. Hallgrímsson JÞ, Snædal G. Keisaraskurðir á Íslandi 1865 til 1919. Sögulegt yfirlit – I. grein. Læknablaðið 1988; 74: 67-71.
2. Hallgrímsson JÞ, Snædal G. Keisaraskurðir á Íslandi árin 1920 til 1929. Sögulegt yfirlit – II. grein. Læknablaðið 1988; 74: 93-5.
3. Skýrsla um Landspítalann 1930-1932. Gefin út af stjórn Landspítalans. Reykjavík 1933.
4. Thoroddsen G. Fæðingadeild Landspítalans. Læknablaðið 1936; 22: 33.
5. Jónasson H. Persónulegar upplýsingar 1988.
6. Sveinsson J. Lífið er dásamlegt. Reykjavík 1964, s. 34.
7. Hannesson G. Heilbrigðisskýrslur 1921-1925. Reykjavík 1927, s. 61.
8. Aðgerðaskrá Landakotsspítala 1972.